

Fyrirtæki ársins 2019

Vinningsfyrirtækin eru
alls fimmtán talsins
og 45 fyrirtæki fá titilinn
Fyrirmyndarfyrirtæki.



BLAÐSÍÐA 5

Frá aðalfundi VR 2019

BLAÐSÍÐA 6

Kjarasamningar VR
samþykktir

BLAÐSÍÐA 8

Fyrirtæki ársins 2019

BLAÐSÍÐA 11

Fjölmenni þann 1. maí

BLAÐSÍÐA 14

Faglegt nám fyrir
stjórnendur í verslun



Leiðari formanns

ÁNÆGJULEG LENDING KJARASAMNINGA

Nýir kjarasamningar VR við atvinnurekendur voru samþykktir í rafrænni atkvæðagreiðslu í apríl sl. með um 88% greiddra atkvæða og var kjörsókn um 22% sem er sú mesta í sögu félagsins síðari ár. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ánægjuleg, sérstaklega í ljósi þess hve breidd félagsins er mikil. Kosningaþátttaka var dræm hjá öðrum félögum en á því kunna að vera skýringar. VR sker sig úr þar sem fleiri hafa aldrei tekið þátt í kosningum um kjarasamninga hjá félaginu. Að sjálfsgöðu má alltaf gera betur og stefnum við á að ná enn meiri þátttöku næst.

Samningarnir eru kallaðir Lífskjarasamningar en við lögðum upp með að gera samninga sem höfða til bættra lífskjara til skemmri og lengri tíma. Í því fólst að ná fram ákveðnum kerfisbreytingum og knýja á um átak í lána- og húsnæðismálum. Þá er nauðsynlegt að ná niður kostnaði við að lifa til að tryggja eins margar kaupmáttarkrónur fyrir okkar félagsmenn og mögulegt er, meðal annars með því að gera samninga sem skapa forsendur fyrir vaxtalækkun. Þannig þurfa fyrirtækin síður að hækka vöruverð þar sem á móti kemur kostnaðarlækkun í formi lægri stýrivaxta. Þá kemur það félagsmönnum okkar til góða með lækkun

á húsnæðiskostnaði, bæði hjá þeim sem leigja og þeim sem eiga og skulda.

Við náðum þó ekki öllum kröfum okkar fram og hef ég sagt að ef ég væri saddur og sáttur við samningana þyrfti ég að finna mér eitthvað annað að gera. Ég stend við þau orð. Samningarnir eru þó ásættanleg niðurstaða. Þeir eru ágætis byrjun í vegferð okkar til aukins jöfnuðar og lægri framfærslukostnaðar. Auðvitað vildum við meira, fleiri krónur, meira frá ríkinu. Við reyndum að taka slaginn fyrir öryrkja og eldri borgara sem sannanlega eru fyrrverandi félagsmenn okkar. Það er því miður ekki hægt að ná öllu fram. Skattkerfisbreytingarnar og átakið í húsnæðismálum eru engu að síður mikilvæg kjaramál fyrir þessa hópa. Stjórn VR setti eina milljón í málsrekstrarsjóð Gráa hersins gegn skerðingum almannatrygginga, fyrst allra stéttarféлага, sem varð til þess að málið er loksins komið áfram og verður að veruleika.

Ég þreystist seint á að segja hvað félagsmenn VR eru lánsamir þegar kemur að þeim mikla mannauð sem skrifstofa félagsins býr yfir. Starfsfólk sem er tilbúið að leggja mikið á sig fyrir félagsmenn sína, vinna nætur-

langt og byrja fyrir allar aldir, fórna mikilvægum tíma frá vinum og fjölskyldu og leggja í hvaða verkefni sem er með bros á vör? Sama má segja um stjórn félagsins sem er mjög fjölbreytt og sett saman af ólíku fólki með ólíkar skoðanir, en er samt svo ótrúlega samheldin þegar kemur að hagsmunum félagsmanna okkar. Þetta sýndi sig svo sterkt í kjarasamningunum, bæði við vinnslu kröfugerðarinnar, en um 3.600 félagsmenn áttu aðkomu að henni með beinum og óbeinum hætti, og svo í miðri samningalotu í Karphúsinu þegar flugfélagið WOW air fór í þrot. Um 2.000 manns misstu þar vinnuna á einu bretti, þar af um 250 félagsmenn VR sem áttu ekki von á launum um mánaðarmótin. Á innan við sólarhring náði stjórn VR og starfsfólk að koma því þannig fyrir að allir félagsmenn okkar sem störfuðu hjá flugfélaginu fengju laun samkvæmt reglum Ábyrgðasjóðs launa. Það sem meira er að á annan tug starfsmanna VR tóku sig saman og útbjuggu gögn og gerðu kröfur fyrir hönd á annað hundrað starfsmanna WOW á einum föstudagseftirmiðdegi.

Þetta stóra mál setti svo sannarlega strik í kjara-viðræðurnar, í bland við gengdarlausan og fordæma-lausan áróður hagsmunaafla gegn félaginu, forystunni og kröfugerðinni. Ég hef oft verið spurður hvort þetta hafi ekki verið erfitt og tekið mikið á. Jú, ég get alveg viðurkennt að þetta tók á og var erfitt. En það voru svo miklu fleiri sem tóku slaginn með okkur, her manns sem ekki sést í sjónvarpinu eða eru í kastljósi fjölmiðla. Ég hef stundum sagt að starf mitt sem formaður heyrir frekar til forrættinda, sérstaklega þegar þú ert ávallt með vindinn í bakið þegar kemur að því sem skiptir mestu máli í góðu og öflugu stéttarfélagi; stjórn þess og starfsfólk. 



NÁMSKEIÐ FYRIR ELDRI FÉLAGSMENN AÐ NÝTA BESTU ÁR ÆVINNAR

8., 9. og 10. október
kl. 9.00-12.00

NÁMSKEIÐ FYRIR ÞÁ SEM ERU AÐ HUGA AÐ STARFSLOKUM EÐA ERU NÝLEGA HÆTTIR AÐ VINNA.

Fyrirlesari: Ásgeir Jónsson

Þetta starfslokanámskeið sem VR býður félagsmönnum sínum hefur slegið í gegn. Námskeiðið tekur á ýmsum þáttum, svo sem heilsu, næringu, hugarfari og sjálfsmynd. Helsti ávinningurinn er að þátttakendur líti björtum augum á framtíðina og öðlist meiri kjark til að takast á við lífið, aukið sjálfstraust og aukna hæfni til að takast á við mótlæti.

Námskeiðið er í heild 9 tímar og er haldið þrjá morgna í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Boðið verður upp á léttan morgunverð.

Ásgeir segir um námskeiðið: „Þetta námskeið snýst um að lifa og læra að lifa lífinu lifandi.“

Markmiðið er að þátttakendum verði ljós flest þau tækifæri sem bíða þeirra hvað varðar næringu, hugarfar eða það sem lítur að peningum og fjárhagsstöðu. Almennt séð er markmið námskeiðsins að vera grunnur þekkingar um þá möguleika og valkosti sem þessi tímamót bjóða uppá. Gildir þá einu hvort um er að ræða andlegu, líkamlegu eða fjárhagslegu hliðarnar.

Nánari upplýsingar og skráning á vr.is

ENDURGREIÐSLA WOW AIR GJAFABRÉFA VR

Þeir félagsmenn VR sem keyptu hjá okkur gjafabréf hjá WOW air eftir 28. mars 2018 en hafa ekki nýtt bréfin eða hafa keypt fyrir þau og flugferð var ekki farin á vegum WOW air, vegna gjaldþrots félagsins 28. mars 2019, geta fengið þau endurgreidd hjá VR. Hægt verður að sækja um endurgreiðslu á gjafabréfum WOW air hjá VR til og með fimmtudagsins 20. júní 2019. Reikna má með að endurgreiðsla muni berast félagsmönnum 30 dögum eftir að fullnægjandi gögnum hefur verið skilað til VR.

Nánari upplýsingar til félagsmanna sem óska eftir endurgreiðslu má finna á vef VR.



MINNINGARORÐ EINAR M. NIKULÁSSON

Okkar ástkæri vinnufélagi, Einar M. Nikulásson, hefur nú kvatt VR-fjölskylduna eins og við gjarnan nefnum starfsmannahópinn hjá VR. Það er til marks um þann góða starfsanda og samheldni sem ræður ríkjum í starfsmannahópi VR en því sárari verður líka viðskilnaðurinn þegar góður félagi og vinur kveður.

Við kveðjum Einar eftir að hann hefur skilað VR 29 ára dyggri þjónustu og hollustu og okkur samstarfsfélögum dýrmætri vináttu gegnum áratugi.

Til huggunar okkur vinnufélögum Einars eru þær hlýju minningar sem við höfum af umgengni og samstarfi við hann öll þessi ár. Hljúfur var hann við fyrstu kynni sem leyndi hjarta úr gulli. Einar var sérstaklega bóggóður og það voru ófá skiptin sem hann aðstoðaði okkur á skrifstofu VR með bílana okkar sem hann kunni öll skil á enda lærður í bifvélavirkjun.

Við samferðamenn hans skynjuðum að það var fjölskylda Einars sem átti stærstan sess í hjarta hans þegar hann ræddi við okkur um Herðísi eiginkonu

sína, syni þeirra og barnabörn. Við á skrifstofu VR áttum líka í góðum og einlægum samskiptum við þau hjónin og synina.

Einar kom til starfa hjá VR árið 1989, fyrst sem umsjónarmaður starfsgreinaskiptingar félagsins en ári síðar var honum falin umsjón orlofsbyggða VR og þar var sannarlega kominn rétti maðurinn í vandasamt starf. Óhætt er að segja að Einar hafi lagt þung lóð á vogar-skálarnar þegar kom að orlofsmálum og orlofsbyggðum félagsins þar sem hann gekk til verks sem fremstur meðal jafningja. Einar var aðaldrifjöður og framgangsmaður uppbyggingar á orlofssvæði VR í Miðhúsaskógi og starf hans og frumkvæði á þeim vettvangi er félaginu ómetanlegt. Honum var alla tíð sérstaklega kært til Miðhúsasvæðisins og umhugað um að þar væri allt sem best mætti vera.

Einar fór ekki með veggjum og nævera hans var sterk enda gekk hann ávallt hreint til verks og var ósérhlífinn. Hann ætlaðist líka til þess sama af þeim verktökum og smiðum sem hann réð til starfa á vettvangi félagsins og ekki tók hann silkihönskum á þeim sem honum þótti veita félaginu lélega þjónustu í orlofsmálum. Hagsmuni félagsins hafði hann ávallt að leiðarljósi í öllum verkum sínum.

Það leið ekki á löngu þar til óskað var eftir kröftum Einars og reynslu í trúnaðarráði VR en þangað var hann fyrst kosinn árið 1992 og síðan ítrekað allt til ársins 2009 og svo aftur milli 2013 – 2015.

En það voru orlofsmálin og uppbygging orlofssvæða VR sem voru Einari hjartfólgust og stendur félagið í ævarandi þakkarskuld við hann fyrir það mikla verk sem hann skilaði okkur öllum til heilla.

Fyrir öll hans góðu og mikilvægu störf var Einar sæmdur gullmerki VR á aðalfundi félagsins þann 27. mars 2019, þar sem synir Einars veittu merkinu móttöku fyrir hönd föður síns. Það var hjartnæm en gleðileg stund þar sem við fundum fyrir nærveru Einars þótt hann ætti ekki heimangengt vegna veikinda sinna.

Við samstarfsfélagar Einars hjá VR kveðjum hann nú með kærri þökk fyrir yndisleg ár samstarfs og nærveru og vottum fjölskyldu, ættingjum og vinum hans okkar dýpstu samúð.

Fyrir hönd samstarfsfólks hjá VR, Ragnar Þór Ingólfsson.



RAGNAR ÞÓR INGÓLFSSON NÝR FORMAÐUR LÍV

Nýr formaður Landssambands íslenskra verzlunarmanna er Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, og mun hann sitja í embætti formanns LÍV fram að næsta þingi LÍV sem haldið verður dagana 18.-19. október 2019. Varaformaður LÍV er eftir sem áður Kristín María Björnsdóttir, formaður deildar VR á Austurlandi. Guðbrandur Einarsson ákvað að segja af sér formennskunni í kjölfar þess að LÍV sleit kjarasamningaviðræðum sínum við Samtök atvinnulífsins í mars síðastliðnum.

VERSLUNARMANNA-FÉLAG SUÐURNESJA SAMEINAST VR

Verslunarmannafélag Suðurnesja sameinaðist VR þann 1. apríl sl. en sameiningin var samþykkt einróma á aðalfundi VR sem haldinn var 27. mars sl. Áður höfðu félagsmenn VS samþykkt sameiningu í rafrænni atkvæðagreiðslu sem fram fór dagana 6.-13. mars 2019. 82,54% félagsmanna VS samþykktu sameiningu en 17,14% voru á móti. Til að sameining yrði samþykkt þurfti samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða fullgildra félagsmanna VS.

SKRIFSTOFA VR Á SUÐURNESJUM

Skrifstofa VR er til húsa að Vatnsnesvegi 14, 230 Reykjanesbæ. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 10.00-16.00 og á föstudögum kl. 10.00-15.00.

FÉKKSTU EKKI ÖRUGGLEGA ORLOFSUPPBÓT?

Orlofsuppbót skv. kjarasamningum VR er 50.000 kr. fyrir árið 2019 miðað við fullt starf. Á árinu 2019 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, 26.000 kr., og er uppbótin því 76.000 kr. í heildina fyrir 2019 miðað við fullt starf. Hvort tveggja orlofsuppbót og uppbótarauka átti að greiða 2. maí 2019.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum kjarasamnings. Skattar og skyldur, félagsgjöld og lífeyrisjóðsiðgjald greiðast af orlofsuppbót. Orlof greiðist ekki ofaná orlofsuppbótina.

FÉLAGSMENN VR MEGA KAUPA FLEIRI GJAFABRÉF ICELANDAIR

Á fundi stjórnar VR þann 8. maí sl. var samþykkt að auka fjölda þeirra gjafabréfa hjá Icelandair sem félagsmenn VR mega kaupa á hverju almanaksári. Gildir það frá 1. janúar 2019.

Í stað tveggja bréfa á ári mega félagsmenn nú kaupa fjögur gjafabréf Icelandair á hverju almanaksári. Þeir sem ekki hafa nýtt rétt sinn til kaupa á árinu 2019 hafa því heimild til að kaupa fjögur bréf en þeir sem þegar hafa keypt t.d. tvö bréf frá áramótum 2019 mega kaupa tvö bréf til viðbótar. Verð fyrir gjafabréf er 23.000 kr. og gildir það sem 30.000 kr. greiðsla upp í farseðil eða pakkaferð í beinu áætlunarflugi til allra áfangastaða Icelandair. Sjá nánari reglur á orlofsvef VR.



VEIÐIKORTIÐ

Fullgildum félagsmönnum VR stendur til boða að kaupa Veiðikortið fyrir sumarið 2019. Veiðikortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að fjölda vatnasvæða vítt og breitt um landið. Handbók fylgir hverju korti þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortið kostar 4.800 kr. og getur hver fullgildur félagsmaður keypt eitt kort. Hægt er að kaupa Veiðikortið á Mínum síðum og á skrifstofum VR.



ÚTILEGUKORTIÐ

Fullgildum félagsmönnum VR stendur til boða að kaupa Útilegukortið fyrir sumarið 2019. Kortið veitir tveimur fullorðnum og allt að fjórum börnum upp að 16 ára aldri gistingu á 41 tjaldsvæði víðsvegar um landið. Kortið kostar 12.600 kr. og getur hver fullgildur félagsmaður keypt eitt kort. Hægt er að kaupa Útilegukortið á Mínum síðum og á skrifstofum VR.



TJALDSVÆÐI VR

Tjaldsvæði VR mun opna í byrjun júní, nánari dagsetning verður auglýst á vef VR. Á tjaldsvæðinu er mjög góð aðstaða fyrir tjöld, húsbíla og fellihýsi. Þar er einnig þjónustuhús með grillaðstöðu og vöskum, salernis-aðstöðu, sturtum og þvottavél til afnota fyrir tjaldgesti. Á svæðinu er umsjónaraðili sem annast eftirlit.

Svæðið er allt hið glæsilegasta og mjög fjölskylduvænt. Leikaðstaða er inni á sjálfu svæðinu en auk þess er sérstakt leiksvæði í tengslum við orlofshúsabyggð VR í Miðhúsum.

Tjaldsvæðið er aðeins ætlað VR-félögum og fjölskyldum þeirra en félagsmenn geta boðið gesti/gestum að dvelja með sér á tjaldsvæðinu, þó aldrei meira en sem samsvarar einu tjaldstæði. Heimilt er að hafa gæludýr á tjaldsvæðinu. Hámarksdvöl á tjaldsvæðinu er tvær vikur.

VR-félagar geta tekið á leigu tjaldvagna, fellihýsi eða hjólhýsi hjá viðurkenndum leiguaðilum og fengið niðurgreiðslu frá VR gegn framvísun kvittunar. Niðurgreiðslan er 5.000 kr. pr. nótt en þó að hámarki sex nætur fyrir hvert orlofstímabil. Greitt er eftir að dvöl lýkur gegn fullri greiðslu fyrir vagninn, leigutímabil þarf að koma fram á kvittun.



NÝTT ÞJÓNUSTUHÚS Í MIÐHÚSASKÓGI

Verið er að leggja lokahönd á byggingu þjónustuhúss á orlofssvæði VR í Miðhúsaskógi. Verður það tilbúið að hluta nú í júní en komið að fullu í notkun í haust.

Gamla þjónustuhúsið, sem nú verður fært og sem mun nýtast sem orlofshús á svæðinu, var orðið of lítið til að sinna því hlutverki að vera bæði íverustaður umsjónarmanns og lagerhúsnæði.

Auk þess vantaði pláss fyrir verkstæði og meira lagerrými. Nýja húsið er 230 fermetrar að stærð og verður fært neðar í hlíðina ásamt ruslagámum og verður að koman að svæðinu snyrtilegri fyrir vikið.



FRÁ AÐALFUNDI VR 2019

Aðalfundur VR var haldinn miðvikudaginn 27. mars. Farið var yfir ársskýrslu og ársreikning félagsins fyrir árið 2018. Tekjur félagsins fyrir árið 2018 voru 4,2 milljarðar króna. Hreinar tekjur til ráðstöfunar voru 375 milljónir en árið 2017 voru þær 956 milljónir króna sem skýrist af mikilli aukningu greiðslna úr sjúkrasjóði og minni ávöxtun.

Félagsmönnum fjölgaði um 2,3% á árinu 2018 og um áramót voru þeir orðnir 36.029 talsins. Ljóst er að þeim mun halda áfram að fjölga á árinu því aðalfundurinn samþykkti einróma sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja.

Stjórn VR lagði fram þrjár tillögur að lagabreytingum. Fyrsta tillaga sneri að því að varamenn í stjórn VR sætu í trúnaðarráði, eins og aðalmenn í stjórn. Önnur tillagan var um hæfi stjórnarmanna og að þeir mættu ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Þriðja tillagan var breyting á félagssvæði VR við sameiningu VS við félagið og telur það nú einnig til Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar

og sveitafélagsins Voga. Allar þrjár tillögur stjórnar voru samþykktar einróma.

Þá var borin upp tillaga að breytingu á 10.gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR en hún lýtur að því að fjöldi daga á greiðslutímabili sjúkradagpeninga sé ákvarðaður af stjórn VR hverju sinni svo ekki þurfi að biðja eftir aðalfundi til að bregðast við stöðu sjóðsins hverju sinni. Var tillagan samþykkt einróma.

Borin var upp tillaga að nýrri reglugerð Orlofssjóðs VR og var hún samþykkt einróma.

Lýst var yfir kjöri stjórnar og trúnaðarráðs en kosningar í félaginu voru haldnar í mars. Þá voru önnur aðalfundarstörf voru tekin fyrir. VR

ÞRÍR SÆMDIR GULLMERKI VR



Stjórn VR ákvað fyrir aðalfund félagsins í mars sl. að sæma þrjá merka einstaklinga gullmerki félagsins á fundinum, sbr. 8. gr. laga VR. Það eru þau Einar M. Nikulásson, fyrrverandi starfsmaður VR, Elías G. Magnússon fyrrverandi forstöðumaður Kjaramálasviðs VR og Rannveig Sigurðardóttir fyrrverandi stjórnarmaður VR.

Einar M. Nikulásson, sem lést þann 31. mars 2019, var starfsmaður VR í 29 ár. Lengst af var hann umsjónarmaður orlofshúsa félagsins og kom með kröftugum hætti að uppbyggingu orlofssvæðis VR í Miðhúsaskógi. Vegna veikinda var honum ekki kleift að koma á aðalfundinn til að veita móttöku gullmerkinnu en synir Einars tóku við merkinu fyrir hans hönd.

Elías G. Magnússon, fyrrverandi forstöðumaður Kjaramálasviðs VR, starfaði fyrir félagið óslitið í 28 ár frá 1989 til 2017. Óhætt er að segja að Elías hafi verið fremstur meðal jafningja þegar kom að túlkun og gerð kjarasamninga hjá VR en félagið naut að auki krafta hans í trúnaðarráði í 13 ár.

Rannveig Sigurðardóttir hefur verið félagsmaður í VR síðustu 33 árin og sat í trúnaðarráði í 20 ár, frá árinu 1997 allt til ársins 2017. Í stjórn VR sat hún 2005-2009 og svo aftur 2013-2017. Hún hefur verið tíma sínum í þágu VR og haft mikinn áhuga á málefnum félagsins í áratugi, ekki síst á vettvangi sjúkraréttar og í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Þá hefur Rannveig verið fundarstjóri ótal funda félagsins sem hún hefur stýrt af fagmennsku og röggsemi.

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, sem afhenti gullmerkin á aðalfundinum, sagði framlag þeirra allra til verkefna félagsins ómetanlegt og færði þeim innilegar þakkir fyrir hönd félagsins. Var gullmerkishöfum og þessum orðum formannsins fagnað með lófataki og risu fundarmenn úr sætum þeim til heiðurs.



KJARASAMNINGAR SAMÞYKKTIR MEÐ YFIRGNÆFANDI MEIRIHLUTA

Kjarasamningar VR við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda voru samþykktir með miklum meirihluta atkvæða í atkvæðagreiðslum í apríl. Skrifað var undir kjarasamninga fyrir hátt í eitt hundrað þúsund starfsmenn á almennum vinnumarkaði á þessum tíma og ganga þeir almennt undir heitinu Lífskjarasamningar. Lífskjarasamningarnir fela í sér nýja nálgun í gerð samninga fyrir launafólk og gera ráð fyrir viðamikilli aðkomu stjórnvalda. Gildistími samninganna er til 1. nóvember 2022.

LANGUR AÐDRAGANDI KJARASAMNINGA

Skrifað var undir kjarasamninga VR og viðsejenda í byrjun apríl. Aðdragandinn var langur, samningar runnu út um áramót en undirbúningur VR fyrir samningaviðræðurnar hófst í apríl á síðasta ári. Fyrsti formlegi samningafundur VR og SA var svo haldinn eftir miðjan október og var deilunni vísað til ríkissáttasemjara síðari hluta desember eftir að viðræður skiluðu engu. Tveimur mánuðum síðar var ljóst að samningar væru ekki í sjónmáli og lýstu VR og stéttarfélagin sem VR var í samfloti með yfir árangursleysi viðræðna. Verkfallsaðgerðir voru samþykktar í atkvæðagreiðslu og hófst fyrsta verkfall VR í rúma þrjá átugi þann 22. mars.

SAMNINGAR SAMÞYKKTIR

Skrifað var undir kjarasamning VR og Samtaka atvinnulífsins þann 4. apríl sl. en við Félag atvinnurekenda þann 5. apríl. Mikill meirihluti félagsmanna starfar samkvæmt samningi VR og SA.

Atkvæðagreiðslan stóð dagana 11. til 15. apríl. Báðir samningar voru samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta, 88,4% í tilfelli samnings við SA og 88,5% í tilfelli FA. Kjörsókn var mun betri í ár en á síðustu árum, 21% atkvæðisbærra félagsmanna tóku þátt í kosningum um samning VR og SA og 27% í kosningum um samning VR og FA. Líta þarf aftur til aldamóta til að sjá meiri þátttöku í kosningum um kjarasamning VR og Samtaka atvinnulífsins.

HELSTU ATRIÐI LÍFSKJARASAMNINGANNA

Kjarasamninga má sjá í heild sinni ásamt ítarlegri umfjöllun um efni þeirra á vef félagsins, vr.is. Helstu atriði

hvað varðar launaliðinn eru árlegar krónutöluhækkunarir á fyrri hluta árs 2019 til 2022, samtals um 90 þúsund krónur á taxtalaun á tímabilinu en taxtalaun hækka meira en laun umfram taxa. Þá er í samningunum tenging við hagvaxtarstig í landinu og hækka laun aukalega ef landsframleiðsla á mann eykst umfram tiltekin mörk. Þessi launahækkun skilar sér að fullu til félagsmanna á taxtalaunum en 75% til þeirra sem taka laun umfram taxa og kemur til greiðslu í maí á hverju ári.

Þriðji þáttur launahækkunar samkvæmt samningunum er launapróunartrygging á taxtalaun sem greidd er út árlega og er markmiðið að tryggja að þeir félagsmenn sem taka laun samkvæmt töxtum fylgi almennri launapróun, verði launaskrið á almennum vinnumarkaði. Þá verður greiddur orlofsauki á árinu, 26 þúsund krónur sem greiða á fyrir 2. maí.

Samningarnir gera að auki ráð fyrir styttingu vinnuvikunnar og er þetta ákvæði ekki valfrjálst. Kveðið er á um fasta 45 mínútna vinnutímastyttingu á viku miðað við fullt starf sem tekur gildi 1. janúar 2020, hafi ekki verið gert samkomulag um útfærslu vinnutímastyttingar fyrir 1. desember 2019. Að auki er sá möguleiki fyrir hendi að stytta vinnuvikuna enn frekar með því að fella niður kaffitímana.

AÐKOMA RÍKISVALDSINS

Viðamiklar aðgerðir stjórnvalda á samningstímanum er einkum ætlað að styrkja stöðu ungs barnafólks og þeirra tekjulægri. Þær gera m.a. ráð fyrir mikilvægum skrefum í átt að afnámi verðtryggingarinnar og verða verðtryggð jafngreiðslulán ekki heimiluð til lengri tíma en 25 ára frá og með næstu áramótum. Þá munu ný verðtryggð lán miðast við vísitölu án húsnæðis-

liðar. Heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á íbúðalán verður framlengd í tvö ár og einnig verður heimilt að ráðstafa 3,5% lífeyrisðgjalds skattfrjálst til húsnæðiskaupa. Gerðar verða frekari breytingar á skattkerfinu sem fela í sér skattalækkun um alls tíu þúsund krónur, þegar þær hafa komið að fullu til framkvæmda. Það er ígildi tæplega 16 þúsund króna launahækkunar fyrir skatt.

Öll skilyrði eru til staðar fyrir vaxtalækkun; lítil skuldsetning, hátt sparnaðarhlutfall og rúmur gjaldeyrisvaraforði. Nýir kjarasamningar skapa forsendur fyrir vaxtalækkun en lægri vextir til frambúðar er ein mesta kjarabót íslenskra heimila.

FÉKKSTU EKKI ÖRUGGLEGA ORLOFSUPPBÓT?

Orlofsuppbót skv. kjarasamningum VR er 50.000 kr. fyrir árið 2019 miðað við fullt starf. Á árinu 2019 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, 26.000 kr., og er uppbótin því 76.000 kr. fyrir 2019 miðað við fullt starf. 



SAMNINGSBUNDNAR LAUNAHÆKKANIR LÍFS- KJARASAMNINGANNA

Launahækkunarir eru allar í krónum taldar og mun lágláunafólk hækka hlutfallslega meira í launum en þeir tekjuhærri. Hækkun launataxta á samningstímanum er alls 90 þúsund krónur en almenn hækkun er 68 þúsund krónur. Öll laun hækka jafnt fyrsta árið en á árunum 2020 til 2022 hækka launataxtar meira í krónum talið en laun sem eru umfram taxa.

2019 Öll laun hækka um 17 þús. kr. á mánuði frá og með 1. apríl.

2020 Taxtar hækka um 24 þús. kr. á mánuði en almenn hækkun er 18 þús. kr. frá og með 1. apríl.

2021 Taxtar hækka um 24 þús. kr. á mánuði en almenn hækkun er 15.750 kr. frá og með 1. janúar.

2022 Taxtar hækka um 25 þús. kr. á mánuði en almenn hækkun er 17.250 kr. frá og með 1. janúar.



KYNNINGARFUNDUR VR UM NÝJA KJARASAMNINGA

VR hélt kynningarfund um nýja kjarasamninga mánudaginn 8. apríl sl. á Hilton Reykjavík Nordica hótél. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, og Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri félagsins, héldu kynningu á kjarasamningunum og Drífa Snædal, forseti ASÍ, fór yfir þau atriði sem stjórnvöld hafa lagt fram til stuðnings samningunum. Félagsmönnum gafst svo tækifæri til að spyrja þau spurninga að kynningum loknum og vill félagið þakka öllum sem sóttu fundinn fyrir góðar spurningar og góðar umræður. Hátt í 140 manns mættu á fundinn og horfðu um 80 manns á hann í gegnum streymi á Mínum síðum. [VR](#)



VR VARASJÓÐUR

VR varasjóð geta félagsmenn VR nýtt til ýmissa fjölbreyttra styrkja. Athugaðu stöðuna á sjóðnum inni á Mínum síðum á [vr.is](#).

Hægt er að nota inneign í sjóðnum til skattfrjálsrar greiðslu á:

- Líkamsræktarkorti
 - Endurhæfingu – s.s. sjúkráþjálfun, nuddi, nálastungum og hjá kiropraktorum
 - Gistikostnaði í orlofi – s.s. orlofshúsum, hótélum eða gistiheimilum
 - Starfstengdu námi
- Þá er einnig hægt að nýta sjóðinn til fjölda annarra staðgreiðsluskyldra greiðslna:
- Tannlæknaþjónusta
 - Sálfræðikostnaður og viðtöl hjá geðlæknum
 - Flug, bílaleigubílar, pakkaferðir
 - Líkamsræktartengdur búnaður eins og hlaupaskór, golfkylfur, hjól, íþróttafatnaður o.fl.
 - Glæraugu, linsur, heyrnartæki, innlegg í skó o.fl.

Allir félagsmenn VR safna réttindum í VR varasjóð og fer endurgreiðsla úr sjóðnum eftir réttindainneign hvers og eins félagsmanns.

Allar nánari upplýsingar um varasjóðinn má finna á vef VR, [vr.is](#).

ÚRSLIT KOSNINGA TIL STJÓRNAR

Allsherjaratkvæðagreiðsla vegna kosninga til stjórnar VR stóð frá 11. mars 2019 til 15. mars 2019. Atkvæði greiddu 2.806 félagsmenn VR. Á kjörskrá voru alls 35.614. Kosningapátttaka var því 7,88%. Sjö stjórnarmenn voru kosnir í stjórn VR til tveggja ára og þrír varamenn til eins árs.



Björn Kristjánsson
Stjórnarmaður



Harpa Sævarsdóttir
Stjórnarmaður



Helga Ingólfssdóttir
Stjórnarmaður



Ólafur Reimar Gunnarsson
Stjórnarmaður



Selma Árnadóttir
Stjórnarmaður



Sigurður Sigfússon
Stjórnarmaður



Svanhildur Ólaf Þórsteinsdóttir
Stjórnarmaður



Anna Þóra Ísfold
Varamaður



Sigmundur Halldórsson
Varamaður



Þorvarður Bergmann Kjartansson
Varamaður



FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019 KYNNT

Fyrirtæki ársins 2019 hafa verið valin samkvæmt niðurstöðum viðamikillar könnunar meðal þúsunda starfsmanna á vinnumarkaði. Vinningsfyrirtækin eru alls fimmtán talsins og 45 fyrirtæki fá titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki.

VR stóð fyrir árlegri vinnumarkaðskönnun meðal félagsmanna sinna og fjölda annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði fyrr á árinu. Á grundvelli hennar voru fyrirtæki ársins valin.

Fyrirtæki ársins 2019 í hópi stórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru 70 talsins eða fleiri eru LS Retail, Nordic Visitor, PwC, Sjóvá og Vörður tryggingar.

Fyrirtæki ársins 2019 í hópi meðalstórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru frá 30 til 69 talsins eru Cyren, dk hugbúnaður, Tengi, Toyota á Íslandi og TRS.

Fyrirtæki ársins 2019 í hópi lítilla fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru færri en 30 eru Attentus – mannauður og ráðgjöf, Bókhalð og uppgjör, Egill Árnason, Eirvík og Microsoft Ísland.

Þetta eru fyrirtækin sem voru í fimm efstu sætunum í sínum stærðarflokki. Fyrirtæki sem eru í fimmtán efstu sætunum fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki 2019 og má sjá lista yfir þau á vefsíðu VR, vr.is. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í fjölmennri móttöku á Hilton Nordica hótelinu þann 16. maí sl. þar sem formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, afhenti Fyrirmyndarfyrirtækjunum viðurkenningarskjal og Fyrirtækjum ársins glæsilega verðlaunagrip.

ALLIR GETA TEKID ÞÁTT

VR hefur tilnefnt Fyrirtæki ársins árlega í rúma tvo áratugi á grundvelli könnunar meðal félagsmanna. Fyrsta árið var aðeins eitt fyrirtæki valið en fljótlega urðu þau þrjú í jafnmörgum stærðarflokkum. Fyrir meira en áratug var tekin sú ákvörðun að gefa fyrirtækjum kost á því að bjóða öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni, óháð stéttarfélagsaðild. Í ár

eru 114 fyrirtæki á lista yfir Fyrirtæki ársins sem tryggja öllum starfsmönnum þátttökurétt í könnuninni.

Þátttaka allra starfsmanna fyrirtækisins eykur mjög notagildi könnunarinnar fyrir stjórnendur fyrirtækja en könnunin tekur á öllum helstu þáttum sem varða innra umhverfi starfsmanna og það er mikilvægt að sem flestir svari.

Fyrir tveimur árum var gerð sú breyting að einungis fyrirtæki þar sem allir geta tekið þátt - ekki bara VR félagar - koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins og Fyrirmyndarfyrirtækjum. Þannig standa öll fyrirtæki jafnt að vígi þegar kemur að valinu. Í ár tryggðu 118 fyrirtæki öllum sínum starfsmönnum þátttökurétt í könnuninni og náðu 114 þeirra lágmarkssvörum og birtast á listanum.

HVAÐ ER VERIÐ AÐ SPYRJA UM?

Könnunin mælir viðhorf til nýu lykilorða. Þetta eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt og jafnrétti. Fjölmargar spurningar liggja að baki hverjum þætti og byggir valið á vinningsfyrirtækjunum á samanlagðri einkunn allra lykilorðanna. Nánar er fjallað um framkvæmd könnunarinnar, hugmyndafræði hennar og lykilorðanna nýu á vefsíðu VR.

MARKMIÐIÐ AÐ KANNA AÐBÚNAÐ FÉLAGSMANNA

Könnunin Fyrirtæki ársins er mikilvægur vettvangur fyrir félagsmenn VR, og aðra starfsmenn, til að koma skoðunum sínum á framfæri og láta stjórnendur fyrirtækjanna vita af því sem vel er gert og hvað betur má fara. Niðurstöðurnar eru einnig fyrirtækjum mikil-

vægar, þær sýna hver staða fyrirtækisins er í augum starfsmanna og hver staða þess er í samanburði við önnur fyrirtæki á vinnumarkaði.

Árleg könnun VR snýst þó ekki eingöngu um að velja Fyrirtæki ársins, þó valið vekji ætíð mikla athygli og umfjöllun. Tilgangurinn er fyrst og fremst að kanna aðbúnað starfsmanna á vinnumarkaði og fylgjast með þróun á viðhorfi þeirra til helstu þátta í innra starfsumhverfi fyrirtækjanna. Niðurstöðurnar nýtast VR í kjarabaráttunni og renna betri stoðum undir starfsemi félagsins og þjónustu.

Könnunin í ár náði til um 36 þúsund starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði og voru svörin tæplega tólf þúsund. Gallup sá um framkvæmd könnunar VR á Fyrirtæki ársins 2019 sem og úrvinnslu niðurstöðna. Ítarlega er fjallað um könnun VR á fyrirtæki ársins á vef félagsins, www.vr.is.







BREYTING HJÁ SJÚKRA- SJÓÐI VR

Frá og með 17. apríl 2019 fór hámark greiðslutímabils sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði VR úr 9 mánuðum í 7 mánuði. Var þetta samþykkt á síðasta stjórnarfundi VR.

Helsta ástæða þessarar breytingar er gríðarleg aukning greiðslna úr sjóðnum á síðustu árum og þá helst í sjúkdómaflokkum geð- og stoðkerfissjúkdóma. Þessi mikla aukning varð til þess að fjárhagsleg staða sjóðsins gæti orðið veik ef halda ætti áfram að greiða stærstan hluta innlagnar í VR varasjóð úr Sjúkrasjóði VR og hefur því verið brugðið á það ráð síðustu tvö ár að greiða stórt framlag úr Félagssjóði VR til að hlífa sjúkrasjóðnum. En slíkt er aðeins tímabundin ráðstöfun.

Hitt er svo annað mál að þessi stytting hámarkstímabils gæti einnig orðið tímabundin ef staða sjóðsins batnar því samkvæmt nýjum starfsreglum Sjúkrasjóðs VR getur stjórn VR nú breytt þessu aftur til fyrra horfs, þ.e. í 9 mánaða hámark, með skömmum fyrirvara en áður þurfti að biðja næsta aðalfundar með slíkar ákvarðanir. Breytingin miðar við þá dagsetningu þegar réttur til greiðslna úr Sjúkrasjóði VR myndast þannig að hafi rétturinn myndast fyrir daginn í dag þá gildir eldri regla um 9 mánaða hámark. En myndist réttur frá og með deginum í dag, þá gildir nýja reglan um 7 mánaða hámark greiðslutímabils. Þeir sem hafa þegar hafið greiðslutímabil samkvæmt eldri reglum og orðið vinnufærir en koma svo síðar aftur vegna veikinda klára sitt eldra tímabil samkvæmt eldri reglu.

Hægt er að fá allar nánari upplýsingar með því að senda tölvupóst á vr@vr.is eða hringja í þjónustuver VR, sími 510 1700. 

HÁDEGIS- FYRIRLESTRAR HAUST 2019

VR býður fullgildum félagsmönnum sínum á áhuga-verða og fróðlega hádegisfyrirlestra í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Félagsmenn sem ekki komast á fyrirlestrana eða búa utan höfuðborgarsvæðisins geta horft á þá í gegnum streymi. Hægt er að skrá sig á fyrirlestrana eða í streymi á vr.is eða með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700.

AÐ TEMJA TÖLVUPÓSTINN

19. september 2019

kl. 12.00-13.00

Fyrirlesari: **Margrét Björk Svavarsdóttir**

Er mikið að gera? Er tölvupósthólf þitt yfirfullt? Hefurðu á tilfinningunni að þú sért að gefast upp á að reyna að temja tölvupóstinn þinn? Stjórnaðu tölvupóstinum þínum, ekki láta hann stjórna þér. Á fyrirlestrinum verður farið yfir nokkrar aðferðir til að temja tölvupóstinn.

Fyrirlesturinn er haldinn í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

EKKI STANDA HJÁ

17. október 2019

kl. 12.00-13.00

Fyrirlesari: **Benna Sörensen**

Fyrirlesturinn byggir á þrautreyndu módeli af forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni sem gengur út á að auka getu og þor þeirra sem verða vitni að óviðeigandi hegðun og til að bregðast við. Um er að ræða fyrstu íslensku útgáfu þessa námsefnis.

Fyrirlesturinn er haldinn í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

TRÚNAÐAR- MANNANÁMSKEIÐ HAUST 2019

KYNNINGARFUNDUR FYRIR NÝJA TRÚNAÐARMENN

4. september 2019

kl. 12.00-13.00

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, tekur á móti nýjum trúnaðarmönnum. Farið verður yfir helstu atriði varðandi starfsemi og sögu VR auk þess sem Sigurveig Þórhallsdóttir, starfsmaður VR, mun ræða um hlutverk trúnaðarmanna. Þá mun Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs, koma inn á fundinn og svara spurningum tengdum kjaramálum.

Fundurinn verður haldinn í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur hádegisverður í boði.

KJARAMÁLANÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

31. október 2019

kl. 9.00-12.00

Leiðbeinendur: **Sérfræðingar á kjaramálasviði VR**

VR leggur áherslu á að trúnaðarmenn fái allar helstu upplýsingar er snúa að kjaramálum félagsmanna. Þetta námskeið er hluti af þeirri stefnu en hér verður farið yfir helstu atriði kjarasamninga svo sem veikindarétt, uppsagnir, orlof, vinnutíma og áunnin réttindi. Hér gefst trúnaðarmönnum tækifæri til þess að ræða saman, deila reynslu sinni og fá svör við spurningum sínum. Sérlega gagnlegt námskeið sem enginn trúnaðarmaður ætti að láta fram hjá sér fara.

Námskeiðið verður haldið í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur morgunverður í boði.

Athugið að fundurinn og námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR.



ERT ÞÚ AÐ VINNA Í SUMAR?

Réttindi ungs fólks á vinnumarkaði

Þegar skólarnir klárast á vorin fer unga fólkíð flest í sumarvinnu en með því að vinna á sumrin fá þau dýrmæta starfsreynslu á vinnumarkaði. En hvað þarf að hafa í huga þegar komið er út á vinnumarkaðinn?

HÉR ERU NOKKUR MIKILVÆG ATRIÐI SEM ÞÚ VILT VERA MEÐ Á HREINU:

- Nauðsynlegt er að gera ráðningarsamning og lesa hann yfir með foreldrum áður en þú skrifar undir!
- Laun eru greidd fyrsta dag hvers mánaðar eftir að þeim mánuði lýkur sem laun eru greidd fyrir.
- Launaseðill er mikilvægur! – Mikilvægt er að fara yfir launataxtann og unna tíma!
- Prufutími á alltaf að vera greiddur – Þú átt ekki að vinna ókeypis!
- Jafnaðarkaup – Það er ekki samið um jafnaðarkaup í kjarasamningum!
- Þú átt að fá greitt stórhátíðarálag þegar þú vinnur á stórhátíðardögum!

Fleiri mikilvæg atriði er að finna á www.vr.is



FJÖLMENNI ÞANN 1. MAÍ

VR hélt sína árlegu upphitun fyrir kröfugöngu með léttu fjölskylduhlaupi og -skemmtun á Klambratúni þann 1. maí sl. en um 1500 manns tóku þátt í hátíðarhöldunum í blíðskaparveðri.

Jónsi í Svörtum fötum stjórnaði dagskránni og hleypti hlaupurum af stað í hlaupið, en Íþróttarálfurinn og Solla stírða voru á staðnum til þess að hvetja hlauparana áfram. Eftir hlaupið var boðið upp á grillaðar pylsur og grænmetisbulsur og stigu Jói P og Króli á stökk ásamt Sirkus Íslands. Eftir skemmtidagskrána var gengið fylktu liði ásamt Lúðrasveit verkalýðsins niður á Hlemm þar sem safnast var saman fyrir kröfugönguna.

Þá sóttu nokkur hundruð félagsmenn og aðrir gestir verkalýðskaffi VR sem haldið var í anddyri Laugardals-hallarinnar. Þar var boðið upp á andlitsmálun og blöðrudýr og Lúðrasveit verkalýðsins flutti nokkur lög.

VR þakkar öllum þeim sem tóku þátt í hátíðarhöldum dagsins. 





Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, skrifar:

STYTTING VINNUVIKUNNAR

Eftir langa og stranga baráttu, sem endaði með kjarasamningi á almennum vinnumarkaði, er sólin að gægjast fram og hefur verið tíðari gestur en við eigum almennt að venjast. Sólin sendir okkur birtu og hlýju og eflaust hugsa sér margir gott til glóðarinnar þegar hlýna fer í veðri og birta til í framtíðarhorfum. Væri nú ekki gott að hætta aðeins fyrr í dag eða taka frí eftir hádegi á morgun?

Í vinnu við kröfugerð fyrir síðustu kjarasamninga var farið í umfangsmikla könnun meðal félagsmanna VR og var ítarlegur spurningalisti um væntingar þeirra til komandi kjarasamningaviðræðna sendur til félagsmanna. Um 3.600 félagsmenn VR svöruðu spurningum um hvaða kröfur samninganefnd félagsins ætti að setja á oddinn og hvað ætti að vera í algjörum forgangi. Það kom ekki á óvart að félagsmenn okkar vildu styttri vinnudag eða styttingu á vinnuviku og varð það að okkar helsta baráttumáli. Þó krafan hafi verið um umtalsvert meiri styttingu en raunin varð þá liggur fyrir að vegferðin er hafin svo ekki verður aftur snúið.

Mikil umræða hefur skapast um styttingu vinnuvikunnar í margvíslegu samhengi. Nálgun okkar var sú að stytting vinnuvikunnar hefði ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir fyrirtækin. Við fórum í mikla rannsóknarvinnu og tókum saman upplýsingar um gögn og rannsóknir sem gerðar hafa verið bæði hér heima og erlendis til að styðja við þessa nálgun. Við skoðuðum til að mynda styttingu vinnuviku hjá Toyota-verksmiðjunum, á skurðstofu í Svíþjóð og svo mætti lengi telja. Allar niðurstöður voru á einn veg. Færri veikindadagar starfsfólks og meiri starfsánægja. Og það sem meira er að afköst og framleiðni jukust frekar en hitt.

Þetta er sú reynsla sem nágrannabjóðir okkar hafa af styttingu vinnuvikunnar. Einnig hefur tilraunaverkefni sem Reykjavíkurborg fór í gengið vonum framar og er niðurstaðan allsstaðar sú sama.

Þess vegna kom það okkur á óvart hversu lítinn skilning Samtök atvinnulífsins höfðu á þessari vegferð okkar til að byrja með. Sérstaklega í ljósi þess að brottfall af vinnumarkaði sökum streituvaldandi og álagstengdra kvilla er og hefur verið í hæstu hæðum. Nýgengi örorku af þeim sökum hefur á tímabili verið meiri en nýliðun á vinnumarkaði og því til lengri tíma ósjálfbær þróun. Aukin starfsmannavelta fyrirtækja og tíð veikindi eru gríðarlega kostnaðarsöm og því mikilvægt að okkar viðsemjendur sýni þessum málaflokki meiri skilning.

Svo eru fleiri sjónarmið sem taka þarf með í reikninginn. Hröð tækniþróun hefur orðið til þess að vinnumarkaðurinn er að breytast mjög hratt. Störf tapast og önnur verða til. Líkur eru á að fjölgun nýrra starfa haldi ekki í við fækkun þeirra vegna tæknibreytinga. Ein leiðin til að bregðast við þeirri þróun er einmitt sú að stytta vinnuvikuna enn frekar.

Út frá lýðheilsusjónarmiðum munu lífsgæði almennt aukast eftir því sem tími utan vinnu lengist og finnum við vel í okkar starfi, og samtölum við félagsmenn okkar, að meginkrafan í okkar samfélagi er að auka frítíma og samveru með börnum okkar. Þess vegna er mikilvægt að þessi umræða sé tekin á viðari grundvelli en á vinnustaðnum. Við þurfum allt samfélagið með.

VR var eitt þeirra stéttarfélaga sem fékk hreina styttingu án þess að selja frá sér eða fórna mikilvægum hvíldartímum á móti. Hins vegar er félagsmönnum okkar frjálst að semja við sinn vinnuveitanda um meiri styttingu með svipuðum hætti og önnur stéttarfélög sömdu um. Styttingin sem við fengum hljómar ekki mikil eða 9 mínútur á dag. Hvað á ég að gera við 9 mínútur á dag hef ég heyrt fólk spyrja, enda varla hægt að linsjóða egg á þeim tíma? En 9 mínútur á dag eru 45 mínútur á viku, rúmar 35 klukkustundir á ári eða tæp vinnuvika í hreina styttingu. Þess vegna er mikilvægt að við setjum hlutina í stærra samhengi þegar við ræðum styttinguna.

HVER VERÐUR ÞÍN STYTTING?

Styttingin tekur gildi 1. janúar 2020. Það var ákveðið svo við gætum undirbúið þetta vel og kynnt fyrir okkar félagsmönnum þannig að raunverulegur ávinningur hverfi ekki í annarri umræðu um kjarasamningana. Þannig náum við settu markmiði, að raunverulega stytta vinnudaginn í stað þess að styttingin endi bara í formi fleiri yfirvinnutíma. Fyrirtækin verða að klára útfærslu styttingarinnar fyrir 1. desember næstkomandi og munum við fara í kynningarherferð í haust til að upplýsa um þá fjölda möguleika sem fyrir hendi eru og einnig hvaða leiðir er hægt að fara. T.d. hvernig stytta má vinnuviku hjá fólki í hlutastarfi eða þeim sem eru á pakkalaunum, svo eitthvað sé nefnt.

Viljum við hætta fyrr á hverjum degi eða mæta seinna? Viljum við safna upp tíma og hætta fyrr eða mæta seinna einn dag í viku eða aðra hvor viku eða safna upp fríi? Eða með hverjum þeim hætti sem hentar misjöfnum störfum og vinnustöðum.

Ef samkomulag næst ekki á vinnustaðnum þá mun vinnudagurinn sjálfkrafa stytta um 9 mínútur á dag hvort sem atvinnurekanda líkar það betur eða verr.

- Frá 1. janúar 2020 styttest vinnuvikan hjá öllum verslunarmönnum um 45 mínútur.
- Vinnuvikan hjá afgreiðslufólki verður 38 klst. og 45 mínútur og virkur vinnutími 35 klst. og 50 mínútur.
- Vinnuvikan hjá skrifstofufólki verður 36 klst. og 45 mínútur og virkur vinnutími 35,5 klst.
- Á ári er styttingin um 35,25 klst. eða tæpir 5 dagar (4 dagar og 5,85 klst.). 

TÍMINN ER DÝRMÆTUR

Sveigjanlegri og styttri vinnudagur gerir launafólki kleift að samræma vinnu og einkalíf betur en áður

SVEIGJANLEGRI OG STYTTRI VINNUDAGUR

Með því að gera vinnutíma fólks sveigjanlegri hagnast allir.

Möguleikar á styttingu:

1. Hætta fyrr á hverjum degi
2. Hætta fyrr á föstudögum
3. Safna upp frii
4. Vinnutímastytting með öðrum hætti?

TILRAUNARINNAR VIRÐI

Á Íslandi er unnin mikil yfirvinna en hjá frændum okkar og frænkum á Norðurlöndum þekkist hún varla.

Þessu viljum við breyta og gera íslenskan vinnumarkað fjölskylduvænni þar sem karlar og konur deili jafnri fjölskylduábyrgð.

STYTTING VINNUVIKUNNAR TEKUR GILDI 1. JANÚAR 2020

Atvinnurekendur og launamenn þurfa að vera búnir að semja um hvernig stytting á sér stað fyrir 1. desember 2019. Ef ekki næst samkomulag styttest hver dagur um 9 mínútur.

HREIN STYTTING Á VINNUVIKU VERSLUNARMANNA UM 45 MÍNÚTUR Á VIKU



- Frá 1. janúar 2020 styttest vinnuvikan hjá öllum verslunarmönnum um 45 mínútur.
- Vinnuvikan hjá afgreiðslufólki verður 38 klst. og 45 mínútur og virkur vinnutími 35 klst. og 50 mínútur.
- Vinnuvikan hjá skrifstofufólki verður 36 klst. og 45 mínútur og virkur vinnutími 35,5 klst.
- Á ári er styttingin um 35,25 klst. eða tæpir 5 dagar (4 dagar og 5,85 klst.).



ÞEKKTU ÞÍN MÖRK



„Raunsæ saga sem vekur alla til umhugsunar.“



„Fékk mig til að hugsa um hvað skiptir máli í lífinu.“

ÍSLENSKUR RAUNVERULEIKI

KULNUN

HETJUR BRENNA LÍKA ÚT Í STARFI



„Eins og ég væri að horfa á sjálfa mig.“



„Ískaldur íslenskur raunveruleiki sem hittir í mark.“

KYNNNTU ÞÉR EINKENNIN Á VR.IS

ÞREYTA
PIRRINGUR

ÞUNGLYNDI
SVEFNLEYSI

VEIKINDI
ÁHUGALEYSI

GLEYMSKA
EINANGRUN

HVERNIG LÍÐUR ÞÉR? EF ÁLAGIÐ ER FARIÐ AÐ KOMA ILLA VIÐ ÞIG ER KOMINN TÍMI TIL ÞESS AÐ VERA HETJAN SEM ÞEKKIR SÍN MÖRK. KYNNNTU ÞÉR EINKENNI KULNUNAR Á VR.IS

Þetta er einungis listi af einkennum sem hafa verið tengd við kulnun og ef þú upplifir einhver þeirra bendir það ekki endilega til vandamáls á vinnustað. Aðeins læknir eða sálfræðingur getur greint þig með ábyrgum hætti.

FAGLEGT NÁM FYRIR STJÓRNENDUR Í VERSLUN

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun hóf göngu sína fyrir rúmu ári síðan. Námið er samstarfsverkefni Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Í náminu er lögð áhersla á að veita stjórnendum tækifæri til að dýpka þekkingu sína á helstu sérgreinum verslunarinnar í námskeiðunum Kaupmennska, Birgða-, vöru- og rekstrarstjórnun og Verslunarrétti. Önnur námskeið sem kennd eru í náminu eru t.d. Rekstrarhagfræði, Stjórnun, Mannauðsstjórnun, Þjónustustjórnun og Reikningshald. Námið er skipulagt fyrir einstaklinga sem eru í vinnu og fer fram í fjarnámi og nemendur koma saman nokkrum sinnum á vinnuhelgum.

Mikil ánægja er með námið og ánægjulegt að komið sé á fót faglegu námi fyrir stjórnendur í verslun, sem er ein stærsta atvinnugrein á Íslandi. VR-blaðið tók þrjá nemendur tali og forvitnaðist um hvernig þeim fyndist námið.



JÓHANNA FANNEY HJÁLMARSDÓTTIR WELDINGH

Starfsmaður í Fjarðarsport

Af hverju fórstu í námið?

„Ég var búin að velta því lengi fyrir mér „hvað mig langaði að vera þegar ég yrði stór“ og fannst ég aldrei komast að niðurstöðu. Ég ræddi þetta við vinkonu mína sem benti mér á hvort ég vildi ekki læra eitthvað sem tengdist vinnunni sem ég væri í og hvort það væri ekki til nám sem ég gæti tekið samhliða vinnunni. Ég fór að velta þessu fyrir mér og skellti mér á netið og fór að leita. Ég sá fyrst bara fullt nám sem mér fannst ég ekki vera tilbúin í, en rakst síðan á þetta og ákvað í kjölfarið að fara til náms- og starfsráðgjafa sem lýsti þessu betur fyrir mér og ég sló til.“

Hvað hefurðu lært í náminu?

„Námið kemur að mörgu nýtanlegu sem getur tengst bæði starfinu og einnig persónulegu lífi. Fyrirlestrar um mannauðsstjórnun og kaupmennsku koma sér einstaklega vel í samkiptum við aðra og opnaði augun fyrir hlutum sem maður hefði annars ekki tekið eftir, eins og til dæmis er kemur að því hvað starfsfólk fyrirtækjanna er gríðarlega stór og mikilvægur hluti og að samskiptin þurfa að vera í lagi. Framkoman er líka stór hluti af náminu sem mér fannst mjög áhugavert. Að halda reikninga og að fá yfirsýn yfir stjórnun fyrirtækja, til dæmis birgðastjórnun fannst mér áhugavert og þó

að ég hafi átt erfiðara með að tengja við suma hluti en aðra er mjög gott að skoða fjölbreytta þætti þess að stjórna fyrirtæki. Það sem kemur mér þó mest á óvart er að ég tek mun meira eftir þessum þáttum þegar ég er viðskiptavinur sjálf og fer að hugsa þjónustu og fleira á annan hátt.“

Hefur einhver breyting orðið á þínu starfi síðan þú hófst námið? Ef svo er, hver er helsta breytingin?

„Hugsunarhátturinn hefur breyst eftir að ég byrjaði í þessu námi og ég er farin að taka eftir hlutum sem hefðu auðveldlega farið framhjá mér annars. Sem dæmi má nefna uppsetningar á vörum, staðsetningar og vöruval eftir þörfum viðskiptavinarins. Ég hef líka lært að hlusta öðruvísi á viðskiptavininn og hans þarfir.“

Hvaða ráð myndir þú gefa þeim sem leita til þín varðandi námið?

„Ég hvet alla sem fara í þetta nám að hika ekki við að spyrja spurninga, til dæmis ef eitthvað er óljóst varðandi námið eða að biðja kennara að útskýra betur. Einnig finnst mér alveg frábært og mikilvægt að mæta á vinnuhelgarnar því þar er hægt að hittast og kynnast bæði kennurum og nemendum, auk þess sem þar er betur farið yfir námsefnið og hægt að spyrja frekari spurninga og biðja um aðstoð ef eitthvað er óljóst.“

Mér finnst alveg frábært að geta farið í háskólatengt nám með vinnu og það þykir mér langmesti kosturinn. Einnig er mjög gott að tala við kennara og starfsfólks Háskólans á Bifröst er kemur að hverju sem er og maður finnur svo sannarlega að maður er ekki bara „kennitala á blaði“ eins og þau orða það.“ 

Nánar er hægt að lesa um námið á www.starfsmennt.is



MALWINA MONIKA

Starfsmaður á N1

Af hverju fyrstu í námið?

„Ég fór í námið til að vinna mig upp í fyrirtækinu, eiga fleiri vinnumöguleika í framtíðinni og greip tækifærið þar sem N1 er að styrkja mig í náminu. Ég hef unnið í verslun og þjónustu í 7 ár samtals og mér fannst spennandi að geta lært eitthvað meira um starfið.“

Hvað hefurðu lært í náminu?

„Eins og er þá kláraði ég tvær annir og er búin með sex áfanga. m.a. Reikningshald, Kaupmennsku, Rekstrarhagfræði, Þjónustustjórnun, Birgðastjórnun og Mannauðsstjórnun. Það skemmtilegasta var að læra um hegðun viðskiptavina og starfsmenn í kringum okkur, hversu mikilvægt er að öllum líði vel í vinnunni bæði andlega og líkamlega. Hef líka lært mikið um bókhald og þjónustu og hvað einkennir góðan yfirmann og leiðtoga. Öll námskeiðin voru mjög gefandi.“

Hefur einhver breyting orðið á þínu starfi síðan þú hófst námið? Ef svo er, hver er helsta breytingin?

„Helsta breytingin er að ég byrjaði að horfa öðruvísi á viðskiptavinum og hversu mikilvægt er að koma í vinnuna í góðu skapi eða allavega að láta pirring eða vont skap ekki bitna á öðrum.“

Hvaða ráð myndir þú gefa þeim sem leita til þín varðandi námið?

„Ef ykkur langar að vinna í verslun eða við þjónustu eða jafnvel vera verslunarstjóri þá er þetta nám tilvalið tækifæri. Kennarar eru alltaf að reyna að koma á við móts mann. Ekki vera hrædd, því námið er alls ekki erfitt því allt sem er verið að kenna í náminu er bara spennandi og getur hjálpað ykkur mikið í framtíðinni.“ 



NÁMSKEIÐ FYRIR FÉLAGSMENN HAUSTIÐ 2019

18. september 2019 á Selfossi kl. 13.30-17.00

2. október 2019 í Reykjavík kl. 9.00-12.30

ÁRANGURSRÍK SAMSKIPTI Á VINNUSTÖÐUM

Fyrirlesari: Rakel Heiðmarsdóttir

Lykillinn að framúrskarandi samstarfi og árangri felst í öflugum samskiptum. Rannsóknir hafa margsýnt fram á fylgni á milli öflugra samskipta á vinnustað og aukinnar framleiðni og starfsánægju. Á námskeiðinu eru samskipti skoðuð bæði frá fræðilegu og hagnýtu sjónarmiði. Hvers vegna er misskilningur algengur? Hverjar eru algengustu ástæður ágreinings á vinnustöðum og hvernig má taka á þeim? Hvaða aðferðir auka árangur í samskiptum og hvað ber að varast?

Rakel er stofnandi og eigandi ráðgjafarfyrirtækisins Inventus ehf. Hún útskrifaðist með doktorsgráðu í Ráðgjafarsálfræði (Counseling Psychology) frá University of Texas at Austin árið 2002. Hún fékkst við mannauðsráðgjöf, stjórnunarráðgjöf og markþjálfun á árunum 2002-2005. Að auki hefur Rakel haldið ýmis námskeið um samskipti, stjórnun, o.fl. hjá Reykjavíkurborg, í Opna Háskólanum í HR, Endurmenntun HÍ og á vinnustöðum. Rakel hefur auk þess unnið í 12 ár sem mannauðsstjóri lengst af hjá Norðuráli og Bláa Lóninu.

Nánari upplýsingar og skráning á vr.is



HALLUR GEIR HEIÐARSSON

Rekstrarstjóri hjá Nettó

Af hverju fyrstu í námið?

„Ég fór í námið til þess að skerpa á huganum og til þess að fá fleiri vinkla á þau verkefni sem við erum að vinna í versluninni. Einnig til þess að auka við mína menntun og að meta gæði námsins til þess að sjá hvort að það henti okkar fólki hjá Nettó.“

Hvað hefurðu lært í náminu?

„Ég hef lært heilmikið í þessu námi, það sem ég hef fengið hvað mest út úr eru markaðsmálin og mannauðsmálin, sérstaklega varðandi samskipti og hvernig tæknin hjálpar okkur að ná til viðskiptavina.“

Hefur einhver breyting orðið á þínu starfi síðan þú hófst námið? Ef svo er, hver er helsta breytingin?

„Já, vinnubrögðin hafa aðeins breyst og vil ég meina að ég sé með meiri fókusi og betri frágang á því sem ég er að skila frá mér.“

Hvaða ráð myndir þú gefa þeim sem leita til þín varðandi námið?

„Ég mæli með þessu námi. Það er mikilvægt fyrir greinina að fagnám í verslunarfræðum verði viðurkennt og verði til þess að þessi stóra grein sem smásalan er geti þróast og dafnað.“ 

Árlega stendur VR fyrir kjöri á Fyrirtæki ársins. Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á Íslandi liggja nú fyrir.

Stór fyrirtæki

LS Retail
Nordic Visitor
PwC
Sjóvá
Vörður tryggingar

Meðalstór fyrirtæki

Cyren
dk hugbúnaður
Tengi
Toyota á Íslandi
TRS

Lítill fyrirtæki

Attentus – mannauður og ráðgjöf
Bókhald og uppgjör
Egill Árnason
Eirvík
Microsoft Ísland

VR óskar Fyrirtækjum ársins til hamingju með frábæran árangur!

